

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 19. mars 2025:

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að úrbætur verði gerðar á hjóltreðabrautum á Hverfisgötu. Merkja þarf brautirnar með skýrum og áberandi hætti en núverandi merkingar eru of fáar og flestar þeirra máðar. Þá þarf að bæta tengingar við sinn hvorn enda hjólareinanna og bæta aðkomu þeirra að Snorrabraut. Æskilegt er að sett séu upp varúðarmerki eða aðrar merkingar þar sem hjólareinarnar enda án fyrirvara og renna saman við akbrautina, sem hefur slyshættu í för með sér.

Greinargerð:

Hverfisgata er ein fjölfarnasta hjólaleið borgarinnar. Mikilvægt er að hjóltreðabrautum í götunni sé vel við haldið og þær merktar með skýrum og áberandi hætti. Slíkt er öryggisatriði, sem hefur lítinn kostnað í för með sér. Betri merkingar eru einnig æskilegar þar sem þær draga úr líkum á því að bifreiðum sé ólöglega lagt á umræddum hjólareinum en mikil brögð eru að slíku hátterni á Hverfisgötu. Best væri að hjólareinarnar væru heilmerktar í lit eins og tíðkast í mörgum erlendum borgum, sem gera hjóltreðum hátt undir höfði.9ii